

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Kjarvalsstofu.

1. gr.

Stofnendur.

Áskell Heiðar Ásgeirsson, kt. 290473-4039, Arngrímur Viðar Ásgeirsson, kt. 150768-4979, Kolbrún Kjarval, kt. 130145-3299, Jóhannes Sveinsson Kjarval, kt. 260643-3639 og Borgarfjarðarhreppur, kt. 480169-6549, stofna hér með sjálfseignarstofnunina *Kjarvalsstofu*. Aðrir sem gerast stofnaðilar innan árs frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar teljast einnig til stofnenda. Heimili og varnarþing er á Borgarfirði eystri. Stofnunin ein ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hún er að öllu leyti sjálfstæð.

2. gr.

Stofnfé.

Stofnendur leggja fram stofnframlög til Kjarvalsstofu skv. sérstökum samningum, þar sem það á við. Af stofnfé varðveitist á nágildandi verðlagi kr. 570.000 sem óskerðanlegur höfuðstóll. Stofnfé skal ávaxta með tryggilegum hætti.

Stefnt skal að því að stofnfé verði kr. 2.000.000.

3. gr.

Tilgangur og starfsemi.

Tilgangur Kjarvalsstofu er að:

- Efla rannsóknir á og fræðslu um ævi og list Jóhannesar Sveinssonar Kjarvals listmálara.
- Efla rannsóknir á og fræðslu um byggðasögu Borgarfjarðar eystri, Víkna og Loðmundarfjarðar.
- Efla rannsóknir á og fræðslu um þjóðsögur frá Borgarfirði eystri.
- Stuðla að eflingu ferðapjónustu og menningarlífs á Borgarfirði eystri.

Til að ná þessum markmiðum mun Kjarvalsstofa setja á stofn *Kjarvalsstofu* á Borgarfirði eystri. Kjarvalsstofa skal vera samsett úr sögusýningum og sýningum á listaverkum Jóhannesar Kjarvals.

Viðfangsefni sögusýninganna skal einkum vera eftirfarandi:

1. Lífshlaup og list Jóhannesar Kjarvals.
2. Saga byggðar á Borgarfirði eystri, Víkum og Loðmundarfirði, með sérstakri áherslu á 19. og 20. öld.
3. Þjóðsögur frá Borgarfirði eystri og nágrenni, einkum sögur af álfum og huldufólki og öðrum vættum.

4. gr.

Stjórn.

Stjórn Kjarvalsstofu skal skipuð þremur mönnum. Stjórnina skipa þeir Áskell Heiðar Ásgeirsson, eða fulltrúi tilnefndur af honum, Arngrímur Viðar Ásgeirsson, eða fulltrúi tilnefndur af honum og fulltrúi Borgarfjarðarhrepps sem hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps tilnefndir. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnarmenn sitja ótímabundið í stjórn nema þeir aðilar sem tilnefna þá ákveði annað. Hverfi menn

úr stjórn eða varastjórn án þess að tilnefna mann í sinn stað skulu þeir sem eftir sitja tilnefna nýjan stjórnarmann.

Formanni stjórnar er skylt að boða fund ef a.m.k. tveir stjórnarmanna krefjast þess. Á fundum stjórnar ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum. Enga mikilvæga ákvörðun má taka fyrir hönd stofnunarinnar nema stjórn sé fullskipuð. Það sem gerist á fundum stjórnar skal færa til bókar.

5. gr.

Starfssvið stjórnar.

Stjórn Kjarvalsstofu fer með æðsta vald hennar, mótar stefnu og starfstillögum hennar, vinnur að markmiðum hennar skv. 3. gr., setur henni starfsreglur og kemur fram fyrir hönd hennar, m.a. gagnvart þeim sem veita henni fjárhagslegan stuðning.

6. gr.

Framkvæmdastjóri.

Stjórn Kjarvalsstofu ræður framkvæmdastjóra Kjarvalsstofu, sem annast daglegan rekstur og setur honum erindisbréf. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð gagnvart stjórn. Framkvæmdastjórinn vinnur að framgangi þeirra mála sem getið er um í 3. grein, svo og því sem stjórnin setur honum fyrir hverju sinni.

Framkvæmdastjóri skal halda stofnaðilum Kjarvalsstofu vel upplýstum um starfsemi hennar.

Framkvæmdastjóri skal fyrir lok febrúar hvers árs leggja eftirfarandi gögn fyrir stjórn Kjarvalsstofu til afgreiðslu:

- Skýrslu um starfsemi síðasta árs.
- Endurskoðaðan ársreikning liðins starfsárs. Reikningar skulu endurskoðaðir af lög-giltum endurskoðanda.
- Fjárhagsáætlun og starfsáætlun fyrir yfirstandandi starfsár.

7. gr.

Aðalfundur.

Aðalfundur Kjarvalsstofu skal halda eigi síðar en 15. mars ár hvert. Rétt til setu á aðalfundi með málfrelsi og tillögurétt eiga allir stofnendur Kjarvalsstofu.

Á aðalfundi skal stjórn leggja fram til kynningar eftirfarandi mál:

- Skýrslu um starfsemi síðasta árs.
- Endurskoðaðan ársreikning liðins starfsárs.
- Fjárhagsáætlun og starfsáætlun fyrir yfirstandandi starfsár.

8. gr.

Reikningshald.

Reikningsár Kjarvalsstofu er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert.

Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári. Um reikningshald fer að lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 145/1994 og nr. 144/1994 eftir því sem við á.

9. gr.

Fjáröflun.

Stofnunin veitir viðtöku styrkjum og öðrum fjárframlögum til starfsemi sinnar. Henni er heimilt að taka lán til sérstakra verkefna.

10. gr.

Ráðstöfun eigna.

Stjórn stofnunarinnar má ráðstafa tekjum og eignum hennar til Kjarvalsstofu á Borgarfirði eystri og til málefna sem tengjast megintilgangi hennar sbr. 3. gr.

Fasteignir stofnunarinnar má ekki selja eða veðsetja nema að fengnu samþykki dómsmálaráðherra.

11. gr.

Breytingar á skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt með samþykki 2/3 hluta stjórnar. Skulu breytingar hljóta staðfestingu dómsmálaráðherra.

12. gr.

Slit stofnunarinnar.

Kjarvalsstofu verður aðeins slitið með ákvörðun 2/3 hluta stjórnar. Leita skal samþykkis dómsmálaráðherra fyrir slitunum.

Verði starfsemi Kjarvalsstofu hætt og hún lögð niður skal eigum hennar varið til eflingar atvinnulífi og fræðastörfum á Borgarfirði eystri.

13. gr.

Breytingar á formi stofnunarinnar.

Stjórn stofnunarinnar getur ákveðið að breyta formi hennar þannig að henni sé heimilt að stunda rekstur skv. lögum nr. 33/1999 og að gera nauðsynlegar breytingar á stofnskrá þessari svo hún uppfylli ákvæði þeirra laga.

14. gr.

Staðfesting.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. apríl 2002.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.